Sþ. **610. Skýrsla**

fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1984, samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds í árslok 1984.

(Lögð fyrir Alþingi hinn 21. mars 1985.)

## 1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit

Skýrsla þessi fjallar um helstu þætti ríkisfjármálanna á árinu 1984. Bráðabirgðatölur ríkisbókhalds í árslok 1984 eru skoðaðar í ljósi fjárlaga og endurskoðaðrar áætlunar um afkomu ríkissjóðs frá því í maí.

Árið 1984 einkenndist af miklum sveiflum í efnahagsstarfseminni og snemma árs þótti sýnt að stefndi í verulegan hallarekstur hjá ríkissjóði. Gripið var til sérstakra ráðstafana af hálfu ríkisstjórnarinnar sem komu fram í umfangsmiklum aðgerðum og lagasetningu í maí 1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum. Hér verður lögð áhersla á að sýna og skýra frávik fjárlaga og endurskoðaðrar áætlunar í maí frá niðurstöðum bráðabirgðatalna ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á árinu 1984. Endanlegur ríkisreikningur, sem byggir á rekstrargrunni, mun eitthvað frábrugðinn þeim tölum sem hér eru birtar, einkum vegna óinntra uppgjöra í árlok 1984 sem ekki eru tekin með í bráðabirgðauppgjöri. Hér er fjallað sérstaklega um lántökur opinberra aðila á árinu 1984 og þær skoðaðar í ljósi lántökuheimilda ársins. Jafnframt er gerð grein fyrir lántökum fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja með hliðsjón af lántökuheimildum til að fá heildarmynd af framkvæmd lánsfjáráætlunar ársins. Í töfluviðauka eru ýmis yfirlit til frekari glöggvunar á mikilsverðum þáttum ríkisfjármálanna.

Bráðabirgðatölur ríkisbókhalds lágu fyrir um miðjan janúarmánuð. Byggir það uppgjör í megindráttum á greiðslugrunni. Fjárlög eru ávallt á greiðslugrunni, þar sem þau sýna greiðslustrauma innan tiltekins fjárlagaárs. Samanburður fjárlaga og bráðabirgðatalna ríkisbókhalds eru á sama grunni og gefa því raunhæfa viðmiðun.

Yfirlitið hér að neðan sýnir afkomu ríkissjóðs 1984 miðað við fjárlög, endurskoðaða áætlun frá í maí 1984 og bráðabirgðatölur ríkisbókhalds (allar fjárhæðir í m. kr.):

| | (1) Fjárlög 1984 | (2) Endurskoðuð áætlun í maí 1984 | (3) Bráðabirgðatölur 1984 |
|---|---|---|---|
| 1. Tekjur | 17 895 | 18 525 | 20 747 |
| 2. Gjöld | 18 284 | 19 570 | 19 964 |
| **3. Tekjur umfram gjöld** | **−389** | **−1 045** | **783** |
| 4. Lánahreyfingar (Seðlabankinn meðtalinn), nettó | 415 | 1 145 | 213 |
| 5. Viðskiptareikningar, nettóútstreymi | −20 | −100 | −355 |
| **6. Greiðsluafgangur** | **6** | **—** | **641** |

Yfirlitið ber þess glögg merki hve afkoma ríkissjóðs var óviss á árinu 1984. Útlit var fyrir tæplega 700 m. kr. aukningu á rekstrarhalla hans frá afgreiðslu fjárlaga til endurskoðaðrar áætlunar í maí 1984. Afkoma ríkissjóðs batnaði verulega seinni hluta ársins, einkum vegna mikillar eftirspurnar innanlands og kom það fram í auknum tekjum hans. Þannig

aukast tekjur ríkissjóðs um rúmar 2 200 m. kr. frá maíáætluninni á sama tíma og útgjöld aukast aðeins um tæpar 400 m. kr. Jákvæð afkoma ríkissjóðs á árinu 1984 kemur fram í 783 m. kr. rekstrarafgangi og 641 m. kr. greiðsluafgangi.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu reyndist hin sama og greiðsluafgangurinn, þar sem ekki var um að ræða neinar nýjar lántökur eða afborganir af lánum hjá Seðlabanka Íslands á árinu 1984. Samtala rekstrarafgangs, lánahreyfinga utan Seðlabanka og viðskiptareikninga myndar því jákvæða greiðsluafkomu ríkissjóðs að fjárhæð 641 m. kr.

## 2. Ríkisfjármál

Framkvæmd ríkisfjármála 1984 varð að ýmsu leyti með öðrum hætti en að var stefnt við afgreiðslu fjárlaga í desember 1983. Stjórnvöld gripu til margvíslegra ráðstafana í ríkisfjármálum auk þess sem þróun launa, verðlags innanlands og gengi krónunnar reyndist frábrugðið því sem áætlað var.

### 2.1 Framvinda og ráðstafanir í efnahagsmálum

Fyrri hluti ársins einkenndist af verulegum hallarekstri ríkissjóðs sem ekki samræmdist stefnu ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi komu áhrif almennra kjarasamninga og kjarasamninga ríkisins í febrúar fram bæði í tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Talið var að samningarnir myndu auka almenna viðskiptaveltu um 1% frá fjárlagaáætlun og af því myndi leiða um 200 m. kr. tekjuauka fyrir ríkissjóð. Launagreiðslur ríkisins og greiðslur tengdar þeim hækkuðu einnig, að því er talið var um 20 m. kr. umfram tekjur. Auk beinna áhrifa voru gefnar yfirlýsingar um bætur til þeirra sem borið höfðu skarðan hlut frá borði úr kjaradeilum aðila vinnumarkaðarins. Var þetta framkvæmt með sérstakri hækkun bóta almannatrygginga og sérstökum tekjutengdum kjarabótaauka. Útgjöld vegna þessa voru metin 325 m. kr.

Í öðru lagi lá fyrir snemma árs að ýmsir útgjaldaliðir fjárlaga stæðust ekki. Má þar nefna útgjöld almannatrygginga, ríkisábyrgðir, rekstrarútgjöld sýslumanna- og bæjarfógetaembætta. Þá má nefna að við afgreiðslu fjárlaga lá ekki fyrir hvernig ríkisstjórnin hygðist standa að lækkun framlaga til nokkurra veigamikilla útgjaldaþátta svo sem útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir og almannatrygginga.

Niðurstaða þess sem hér segir að ofan var að án aðgerða stefndi í 1 910 m. kr. rekstrarhalla ríkissjóðs í stað 389 m. kr. halla eins og fram kom í fjárlögum. Því var gripið til ýmissa ráðstafana til að bæta afkomu ríkissjóðs. Með þeim aðgerðum sem í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peningamálum og lánsfjármálum (síðar lögum nr. 43/1984) fólust, var talið að rekstrarhalli ríkissjóðs yrði ekki yfir 1 045 m. kr. Jafnhliða endurskoðun á tekjum og gjöldum ríkissjóðs voru ýmsir þættir lánsfjárlaga endurskoðaðir. Aflað var heimildar til viðbótar erlendri lántöku að fjárhæð alls 1 015 m. kr. Þar af 302 m. kr. vegna þess hve innlend lánsfjáröflun brást. Einnig var nokkurs lánsfjár (190 m. kr.) aflað vegna húsnæðislánasjóðanna en það lánsfé sem afla átti hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og af skyldusparnaði ungmenna brást. Stærsti hluti erlendu lántökunnar var þó vegna aukins rekstrarhalla ríkissjóðs.

Í þriðja lagi er að nefna að í tengslum við lausn á fjárhagsvanda sjávarútvegsins í ágúst 1984 var ákveðið að leitast við að draga úr erlendum lántökum opinberra aðila um 150 m. kr. Í því skyni var dregið úr framkvæmdum, m. a. við byggingu útvarpshúss.

Í fjórða og síðasta lagi höfðu kjarasamningar fjármálaráðherra og ríkisstarfsmanna frá því í nóvember nokkur áhrif á fjárhag ríkissjóðs á árinu. Að teknu tilliti annars vegar til minni útgjalda vegna verkfalla ríkisstarfsmanna og hins vegar til útgjaldaauka í kjölfar samninganna eru útgjöldin umfram það sem sparaðist áætluð um 180—200 m. kr.

**2.2 Tekjuhlið ríkissjóðs**

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu alls 20 747 m. kr. á árinu 1984 og er það um 37% hækkun frá síðasta ári. Á sama tíma námu almennar verðlagsbreytingar innanlands um 25—26% milli áranna 1983 og 1984. Í töflu 1 er sýnd skipting á innheimtum tekjum ríkissjóðs 1983 og 1984. Þar kemur m. a. fram að beinir skattar hækka aðeins um 21% milli ára um leið og óbeinir skattar, sem vega rúm 80% af heildartekjum ríkissjóðs, hækka um 39%. Þá kemur fram mikil hækkun á innheimtu aðflutnings- og innflutningsgjalda, sölu- og orkujöfnunargjaldi o. fl. og ber það vott um mikla eftirspurn innanlands.

Í fjárlögum fyrir árið 1984 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar alls 17 895 m. kr. Snemma árs voru fyrirsjáanlegar miklar breytingar á þessum tekjum, meðal annars í kjölfar nýrra kjarasamninga í febrúar 1984. Við afgreiðslu laga nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984 voru áætlaðar tekjur ríkissjóðs hærri en í fjárlögum eða alls 18 525 m. kr. Lögin fólu í sér eftirtalda spá um breytingar á tekjum ríkissjóðs: 1) 200 m. kr. hækkun í kjölfar aukins kaupmáttar og aukinnar veltu innanlands; 2) 425 m. kr. hækkun með auknu og hertu eftirliti með skattskilum; 3) 35 m. kr. hækkun vegna skerðingarákvæðis um hlut Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í toll- og söluskattstekjum; 4) fóðurbætisgjald 60 m. kr.; 5) breytt ákvæði um tekju- og eignarskatt í lögum nr. 7/1984 er talið var auka tekjur ríkissjóðs um 70 m. kr. og, að lokum 6) 160 m. kr. lækkun ríkissjóðstekna í kjölfar mildandi aðgerða með greiðslu tekjutengds barnabótaauka.

Seinni hluta ársins 1984 var meiri eftirspurn innanlands en áætlað var. Kom það meðal annars fram í viðskiptahalla og auknum tekjum ríkissjóðs. Hækkun tekna ríkissjóðs frá maíáætluninni nam 2 222 m. kr. Í grófum dráttum skiptist hækkunin með eftirtöldum hætti á tekjustofna: 1) Gjöld af innflutningi um 640 m. kr.; 2) sölu- og orkujöfnunargjald um 520 m. kr.; 3) hagnaður ÁTVR um 230 m. kr.; 4) ýmsir óbeinir skattar, arðgreiðslur, vextir o. fl. um 420 m. kr.; 5) aðrar tekjur um 410 m. kr.

Loks má sjá af samanburði á niðurstöðutölum tekna ársins 1984 og fjárlaga að beinir skattar reyndust nokkurn veginn í samræmi við áætlun. Hins vegar eru veruleg frávik á óbeinum sköttum, arðgreiðslum og vöxtum af framangreindum ástæðum.

**2.3 Gjaldahlið ríkissjóðs**

Samkvæmt bráðabirgðatölum námu útgjöld ríkissjóðs alls 19 964 m. kr. á árinu 1984 og er það um 23% hækkun á milli ára. Eins og getið var hér að framan námu almennar verðlagsbreytingar innanlands um 25—26% á þessu tímabili. Þetta felur í sér nokkurn samdrátt í útgjöldum og gefur vísbendingu um það aðhald sem beitt var í ríkisrekstrinum á árinu 1984. Töflur 3 og 4 í töfluviðauka sýna skiptingu útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum. Þar má sjá að útgjöldin sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu dragast saman milli áranna 1983 og 1984, úr 30,7% í 29,7%, þrátt fyrir samdrátt þjóðarframleiðslunnar um 0,4% á árinu 1984.

Heildargjöld ríkissjóðs voru áætluð 18 284 m. kr. í fjárlögum fyrir árið 1984. Við endurskoðun ríkisfjármála í maí, og þeim aðgerðum sem henni tengdust, hækkaði gjaldahlið ríkissjóðs í 19 570 m. kr. Í kjölfar kjarasamninga í febrúar hækkuðu útgjöld ríkissjóðs til launa og almannatryggingabóta um 200 m. kr. umfram áætlun fjárlaga eins og fram er komið. Gjöld sem ekki var áætlað fyrir við afgreiðslu fjárlaga námu alls 646 m. kr., en þar ber hæst framlag til almannatrygginga, kostnað við grunnskóla og embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Jafnframt námu greiðslur útflutningsuppbóta 188 m. kr. hærri fjárhæð en

fjárlög gerðu ráð fyrir. Að lokum var sérstök hækkun bóta lífeyristrygginga til hinna lægstlaunuðu talin kosta ríkissjóð 190 m. kr. Var það hluti af lausn kjaradeilu VSÍ og ASÍ þar sem fyrirheit voru gefin um ráðstöfun á 300—325 m. kr. til hagsbóta fyrir hina verst settu, barnafjölskyldur og almannatryggingabótaþega. Auk þess komu til ýmsar útgjaldaleiðréttingar, en einnig niðurskurður útgjalda.

Auk þeirra heimilda til tekju- og útgjaldabreytinga sem leitað var í lögum nr. 43/1984 komu til nokkrar aukafjárveitingar vegna ófyrirséðra vandamála. Alls var veitt heimild fyrir 422 m. kr. í formi aukafjárveitinga og skiptist sú fjárhæð þannig að hækkun launa, rekstrargjalda og viðhalds nam 146 m. kr., framlög til stofnkostnaðar 59 m. kr. og ýmsar tilfærslur 217 m. kr.

Aukafjárveitingar 1984 skiptast þannig á helstu útgjaldaliði (í m. kr.):

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflatryggingasjóður | 37 | Framleiðnisjóður landbúnaðarins | 17 |
| Hafnarmannvirki | 34 | Landhelgisgæslan | 12 |
| Niðurgreiðslur á vöruverði | 30 | Háskóli Íslands | 10 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 27 | Aðrar aukafjárveitingar | 235 |
| Endurskoðun samninga um álverið | 20 | | |
| | | Samtals | 422 |

Þá hafa aukafjárveitingar árið 1984 verið flokkaðar þannig að í ljós komi helstu orsakir fyrir afgreiðslu þeirra.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verðlagshækkanir | 66 | Ákvæði laga og lagaheimildir | 32 |
| Uppgjör frá 1983 | 26 | Útgjöld utan fjárlagaáætlunar | 17 |
| Ríkisstjórnarákvarðanir | 121 | Ákvæði verksamninga | 14 |
| Ráðherraákvarðanir | 146 | | |
| | | Samtals | 422 |

Hækkun gjalda ríkissjóðs frá maíáætlun nam einungis 394 m. kr. eða 2% og er það mun minni hækkun en á tekjum.

## 2.4 Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á árinu 1984 reyndist mun hagstæðari en bæði fjárlög ársins og endurskoðuð áætlun í maí gerðu ráð fyrir. Eins og eftirfarandi yfirlit ber með sér var nokkurn veginn gert ráð fyrir jöfnuði í greiðsluafkomu fjárlaga og í maíáætlun, en í reynd varð hún jákvæð um 641 m. kr. (í m. kr.):

| | (1) Fjárlög 1984 | (2) Endurskoðuð áætlun í maí 1984 | (3) Bráðabirgðatölur 1984 |
|---|---|---|---|
| **I Tekjur umfram gjöld** | **−389** | **−1 045** | **783** |
| **II Tekin lán, nettó** | **381** | **1 111** | **776** |
| Tekin ný lán | 1 533 | 2 385 | 1 937 |
| Afborganir af teknum lánum | −1 152 | −1 274 | −1 161 |
| **III Veitt lán, nettó** | **−110** | **−110** | **220** |
| Veitt ný lán | 0 | 0 | 371 |
| Afborganir af veittum lánum | −110 | −110 | −151 |
| **IV Hlutafé og stofnframlög** | **76** | **76** | **343** |
| **V Viðskiptareikningar, nettóútstreymi** | **20** | **100** | **355** |
| **VI Greiðsluafgangur (I+II−III−IV−V)** | **6** | **-** | **641** |

Yfirlitið ber með sér töluverð frávik milli áætlana ársins og niðurstöðutalna. Veigamestu frávikin koma fram í mun hagstæðari rekstrarafkomu ríkissjóðs en áætlanir gerðu ráð fyrir, en sú þróun orsakaðist af miklum tekjum ríkissjóðs á seinni hluta ársins. Hér að framan hafa gjalda- og tekjuhlið ríkissjóðs á árinu 1984 verið gerð skil og vísast til þeirrar umfjöllunar varðandi skýringar á þessum þáttum.

Fjárlög ársins 1984 gerðu ráð fyrir 1 533 m. kr. lántökum hjá ríkissjóði, en í kjölfar endurskoðunar ríkisfjármála í maí var lántökuheimild ríkissjóðs hækkuð í 2 385 m. kr. Hagstæð afkoma ríkissjóðs gerði hins vegar kleift að draga úr lántökum og nýta aðeins 1 937 m. kr. af lántökuheimildinni. Erlendar lántökur námu alls 1 605 m. kr., þar af voru 145 m. kr. vegna yfirtöku ríkissjóðs á erlendum lánum Járblendifélagsins til að uppfylla hlutafjárloforð ríkissjóðs í samræmi við 1. gr. laga nr. 95/1984. Innlendar lántökur ríkissjóðs námu alls 332 m. kr., þar af 127 m. kr. hjá lífeyrissjóðum, 47 m. kr. nettó með sölu ríkisvíxla og 158 m. kr. með öðrum hætti.

Lánveitingar ríkissjóðs námu alls 371 m. kr. á árinu 1984, en ekki var gert ráð fyrir þeim í áætlunum ársins. Hér er um ýmsar lánveitingar að ræða og vega þar þyngst lán til Landsvirkjunar að fjárhæð alls 134 m. kr. vegna yfirtöku fyrirtækisins á eignum ríkissjóðs í byggðalínum, virkjunarrannsóknum o. fl. Auk þess voru veitt lán til ýmissa fyrirtækja í sjávarútvegi vegna skuldbreytinga o. fl.

Hlutafjár og stofnframlög reyndust verulega meiri en áætlað var í fjárlögum 1984 og endurskoðaðri áætlun ársins. Þannig námu þessar greiðslur 343 m. kr. í stað 76 m. kr. sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Þær umframgreiðslur sem hér um ræðir skýrast að mestu af um 263 m. kr. hlutafjáraukningu í Járnblendifélaginu í samræmi við viðbótarskuldbindingar ríkissjóðs með lögum nr. 95/1984. Önnur hlutafjár- og stofnframlög reyndust alls 90 m. kr. og skiptust þau þannig: 1) Kísilmálmvinnslan 12,5 m. kr.; 2) Sjóefnavinnslan 15 m. kr.; 3) Steinullarverksmiðjan 7,6 m. kr.; 4) Áburðarverksmiðjan 27,3 m. kr.; 5) Alþjóðabankinn og IDA 16,5 m. kr.; 6) Norræni fjárfestingarbankinn 3,6 m. kr.; 7) Útvegsbanki Íslands 7,5 m. kr. Hins vegar námu greiðslur vegna sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum 10,4 m. kr. á árinu 1984.

Viðskiptareikningar sýndu útstreymi umfram innstreymi að fjárhæð 355 m. kr. og er það verulega meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í fjárlögum var nettó-útstreymi á viðskiptareikningum áætlað 20 m. kr., sem var hækkað í 100 m. kr. í endurskoðaðri áætlun í maí 1984.

### 3. Skuldastaða ríkissjóðs

Í þessum kafla er ætlunin að gefa stutt yfirlit um skuldastöðu ríkissjóðs. Í því skyni er að verulegu leyti stuðst við töflur 7-9 í töfluviðaukanum, þar sem eru sýndar stöðutölur yfir tekin lán, veitt lán o. fl. á undanförnum árum samkvæmt ríkisreikningi. Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutfallslega samsetningu tekinna lána A-hluta ríkissjóðs 1981–1983 annars vegar með hliðsjón af lánveitanda og hins vegar eftir því hvort lánin eru bundin innlendu eða erlendu verðlagi.

| | 1981 | 1982 | 1983 |
|---|---|---|---|
| Seðlabanki Íslands | 14,2 | 5,6 | 16,2 |
| Aðrir innlendir og erlendir aðilar | 85,8 | 94,4 | 83,8 |
| | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| Lán tengd innlendu verðlagi | 79,8 | 78,1 | 48,4 |
| Gengisbundin lán | 20,2 | 21,9 | 51,6 |
| | 100,0 | 100,0 | 100,0 |

Yfirlitið sýnir verulegar tilfærslur í samsetningu tekinna lána ríkissjóðs á tímabilinu 1981–1983. Árið 1982 lækkar hlutdeild Seðlabankans í skuldastöðu A-hluta ríkissjóðs úr 14,2% í 5,6%, en á því ári var afkoma ríkissjóðs hagstæð og staðan gagnvart Seðlabankanum bætt. Í kjölfar mun meiri rekstrarhalla ríkissjóðs á árinu 1983 en áætlað var kom óhjákvæmilega til mikils yfirdráttar í Seðlabankanum og versnaði staða ríkissjóðs þar verulega.

Við mat á skuldastöðu ríkissjóðs er rétt að skoða hana í víðara samhengi og huga að með hvaða hætti lánsfjármagninu hefur verið ráðstafað. Í grófum dráttum má skipta ráðstöfuninni í tvennt, þ. e. fjármögnun rekstrarhalla og til eignaaukningar eða skuldalækkunar. Rétt er þó að hafa í huga að allar fjárfestingar ríkissjóðs eru gjaldfærðar á viðkomandi ári og koma því fram í rekstrarhallanum. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig þessi skipting var hjá A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu 1981–1983 (í m. kr.):

| | 1981 | 1982 | 1983 |
|---|---|---|---|
| Gjöld umfram tekjur | 175 | −238 | 1 163 |
| Eignaaukning/skuldalækkun | 187 | 1 213 | 2 119 |
| Tekin lán samtals | 362 | 975 | 3 282 |

Liðurinn eignaaukning eða skuldalækkun felur í sér eftirtalda þætti: 1) Greiddar afborganir af teknum lánum umfram innheimtar afborganir af veittum lánum; 2) veitt lán; 3) hlutafé og stofnframlög; 4) útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum; 5) bætt staða á sjóðs- og bankareikningum. Á þeim þremur árum sem eru skoðuð hér kemur fram mikil aukning í lántökum og eignaaukningu A-hluta ríkissjóðs. Hins vegar er rekstrarafkoman mjög sveiflukennd. Á árinu 1982 skilaði A-hluti ríkissjóðs tekjuafgangi og reyndist því eignaaukningin meiri en nemur teknum lánum á því ári.

Í hnotskurn sveiflaðist samsetning skuldastöðu A-hluta ríkissjóðs mikið á tímabilinu 1981–1983 eins og kemur fram í töflu 9. Staða tekinna lána jókst að raungildi um 64% frá árslokum 1980 til ársloka 1983. Hins vegar lækkaði hlutdeild stuttra lána úr 8% í 4% á þessu tímabili. Á umræddu tímabili átti sér stað umtalsverð aukning, eða 30-földun að raungildi, á stöðutölu veittra lána A-hluta ríkissjóðs. Í töflu 11 kemur fram að megnið af þeirri sveiflu í teknum lánum og veittum lánum A-hluta ríkissjóðs upp á við, sem hér er lýst, átti sér stað á árunum 1982 og 1983. Veigamikil skýring á þessum hækkunum skýrist af sölu ríkissjóðs á byggðalínum, virkjanarannsóknum o. fl. til Landsvirkjunar í ágúst 1982. Uppgjör á söluandvirði þessara eigna milli ríkissjóðs og Landsvirkjunar skiptist á árin 1982 og 1983. Í því samhengi voru áhvílandi lán sem tekin hafa verið til þessara framkvæmda yfirtekin af A-hluta ríkissjóðs, sem aftur veitti Landsvirkjun lán samsvarandi andvirði kaupverðsins. Árið 1982 nam lántaka ríkissjóðs 975 m. kr., þar af voru 437,5 m. kr. vegna yfirtöku byggðalínulána. Veitt lán ríkissjóðs námu 533 m. kr. á árinu 1982, þar af voru 437,5 m. kr. til Landsvirkjunar í tengslum við byggðalínuuppgjörið. Lántaka ríkissjóðs nam 3 282 m. kr. á árinu 1983, þar af voru 1 629 m. kr. vegna yfirtöku á byggðalínulánum o. fl. Á móti námu lánveitingar ríkissjóðs alls 672 m. kr., þar af voru 481 m. kr. veittar Landsvirkjun vegna lokauppgjörs á byggðalínum.

Að lokum er vert að gefa því gaum að á tímabilinu 1981–1983 eykst útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum stórlega eða um rúm 70% að raungildi frá árslokum 1980 til ársloka 1983.

## 4. Lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir innlendum og erlendum lántökum opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja á árinu 1984. Yfirlitið hér að neðan sýnir lántökur þessara aðila (í þús. kr.):

| | (1) Sala spari- skírteina | (2) Verðbréfa- kaup bankanna | (3) Lífeyris- sjóðir | (4) Aðrar innlendar lántökur | (5) Erlend lán | (6) Heildar- lántökur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **I Opinberir aðilar** | **108 680** | **—** | **127 000** | **204 500** | **3 988 006** | **4 428 186** |
| Ríkissjóður, A- og B-hluti | 108 680 | — | 127 000 | 204 500 | 2 759 531 | 3 199 711 |
| Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs | — | — | — | — | 889 427 | 889 427 |
| Sveitarfélög | — | — | — | — | 339 048 | 339 048 |
| **II Húsbyggingarsjóðir** | **200 000** | **—** | **495 200** | **15 600** | **477 107** | **1 187 907** |
| Byggingarsjóður ríkisins | 200 000 | — | 355 500 | 15 600 | 477 107 | 1 048 207 |
| Byggingarsjóður verkamanna | — | — | 139 700 | — | — | 139 700 |
| **III Lánastofnanir** | **—** | **210 000** | **130 100** | **—** | **1 471 700** | **1 811 800** |
| Framkvæmdasjóður | — | 210 000 | 92 600 | — | 1 412 000 | 1 714 600 |
| Iðnþróunarsjóður | — | — | — | — | 59 700 | 59 700 |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | — | — | 37 500 | — | — | 37 500 |
| **IV Atvinnufyrirtæki** | **—** | **—** | **—** | **—** | **1 318 000** | **1 318 000** |
| Ósundurliðað | — | — | — | — | 1 318 000 | 1 318 000 |
| **V Heildarlánsfjárþörf (I+..+IV)** | **308 680** | **210 000** | **752 300** | **220 100** | **7 254 813** | **8 745 893** |

Samkvæmt yfirlitinu námu heildarlántökur þessara aðila 8 746 m. kr. á árinu 1984. Hins vegar eru heildarlántökur þessara aðila sýndar 8 555 m. kr. í töflu 11. Mismunurinn, 191 m. kr., skýrist af óhjákvæmilegum greiðsluskuldbindingum á innlenda lánsfjármarkaðnum, sem mætt var með nýjum lántökum. Hér er um eftirtalda þætti að ræða: 1) Innlausn umfram innheimtu af endurlánuðu spariskírteinafé nam alls 172 m. kr., þar af var aðeins 63 m. kr. mætt með því að ganga á sjóð Endurlána ríkissjóðs; 2) útstreymi umfram innstreymi á skyldusparnaði ungmenna nam 82 m. kr. hjá Byggingarsjóði ríkisins og var því mætt með lántökum. Raunverulegar lántökur námu því alls 8 555 m. kr., þar af voru teknar 1 301 m. kr. að láni innanlands og 7 254 m. kr. erlendis.

Hér á eftir mun fjallað um þessar lántökur og þær skoðaðar í ljósi lántökuheimilda gildandi laga. Heimildir til lántöku þessara aðila á árinu 1984 voru í höfuðdráttum þríþættar. Í fyrsta lagi voru heimildir samkvæmt lánsfjárlögum 1984, en þau voru afgreidd frá Alþingi 20. mars 1984. Í öðru lagi voru afgreiddar viðbótarlántökuheimildir til ýmissa aðila með afgreiðslu laga nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum. Loks voru lántökuheimildir í nokkrum sérlögum. Töflur 10 og 11 í töfluviðaukanum gefa yfirlit um lántökuheimildir og afgreiðslu lánsfjár á árinu 1984.

### 4.1 Lánsfjáröflun

Lánsfjárlög að viðbættum heimildum í sérlögum gerðu ráð fyrir að afla opinberum aðilum, fjárfestingarlánasjóðum og atvinnufyrirtækjum alls 7 128 m. kr. lánsfjár á árinu 1984. Ráðgert var að afla 2 495 m. kr. innanlands og 4 633 m. kr. með erlendum lántökum.

Þegar á fyrri hluta ársins var ljóst að innlend fjáröflun ríkissjóðs mundi bregðast verulega, einkum vegna mikillar innlausnar eldri spariskírteina og dræmrar sölu spariskírteina. Endurskoðuð áætlun í maí og lagasetning í kjölfar hennar tók m. a. tillit til þessara þátta, auk erfiðrar stöðu ríkissjóðs og húsnæðiskerfisins. Að auki fólu þessar aðgerðir í sér

endurskoðun á lánsfjárþörf atvinnuveganna. Heildarfjáröflunin var metin 9 627 m. kr., þar af var ráðgert að afla 2 003 m. kr. innanlands og 7 624 m. kr. erlendis.

Eins og þegar hefur komið fram gefa niðurstöðutölur ársins til kynna að heildarfjáröflun þessara aðila hafi numið 8 555 m. kr. á árinu 1984. Þar af reyndist innlend fjáröflun alls 1 301 m. kr. og erlendar lántökur 7 254 m. kr.

### 4.1.1 Innlend fjáröflun

Hér að framan var þess getið að erfitt hefði reynst að afla opinberum aðilum innlends lánsfjár á árinu 1984. Eftirfarandi yfirlit sýnir innlenda fjáröflun samkvæmt lánsfjárlögum, endurskoðaðri áætlun í maí 1984 og bráðabirgðaniðurstöðutölum (í m. kr.):

| | (1) Lánsfjárlög 1984 | (2) Endurskoðuð áætlun í maí 1984 | (3) Bráðabirgðatölur 1984 |
|---|---|---|---|
| 1. Ný útgáfa spariskírteina, ríkissjóður | 200 | 200 | 109 |
| 2. Ný útgáfa spariskírteina vegna húsnæðismála | 322 | 322 | 200 |
| 3. Innheimt umfram innlausn eldri spariskírteina | 467 | 187 | −172 |
| 4. Verðbréfakaup lífeyrissjóða | 938 | 938 | 752 |
| 5. Verðbréfakaup annarra | 365 | 250 | 226 |
| 6. Skyldusparnaður ungmenna | 45 | −30 | −82 |
| 7. Önnur innlend fjáröflun | 158 | 136 | 268 |
| 8. Innlend fjáröflun alls (1+..+7) | 2 495 | 2 003 | 1 301 |

Sala nýrra spariskírteina reyndist alls 309 m. kr. á árinu 1984, þar af runnu 109 m. kr. til ríkissjóðs og 200 m. kr. voru endurlánaðar Byggingarsjóði ríkisins. Á árinu 1984 átti ríkissjóður í umtalsverðum erfiðleikum vegna mikillar innlausnar á eldri spariskírteinum. Fjárlög 1984 gerðu ráð fyrir 170 m. kr. til að mæta innlausn ársins og var sú áætlun álitin raunhæf í ljósi reynslu undangenginna ára. Hins vegar var frelsi innlánsstofnana til eigin vaxtaákvörðunar aukið til muna og leiddi það til mikillar samkeppni um sparifé almennings. Eigendum sparifjár stóð til boða ávöxtun með háum raunvöxtum og fjölbreytileg sparnaðarform með mismunandi binditíma. Sú þróun sem hér er lýst kom fljótlega fram í mikilli innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs, einkum þeim flokkum sem bera tiltölulega lága raunvexti. Ríkissjóður reyndi að sporna gegn þessu með því að bjóða eigendum innleysanlegra skírteina svonefnd skiptiskírteini, sem bera hærri raunvexti en hin hefðbundnu spariskírteini. Þrátt fyrir viðleitni stjórnvalda reyndist innlausn spariskírteina hjá Endurlánum ríkissjóðs 1 418 m. kr. á árinu 1984. Þessu útstreymi var mætt með eftirtöldum hætti: 1) Innheimtar afborganir af endurlánuðu spariskírteinafé námu 637 m. kr.; 2) A-hluti ríkissjóðs greiddi 264 m. kr. vegna innlausnarinnar; 3) skiptiskírteini námu 265 m. kr.; 4) erlend lántaka vegna innlausnar varð um 80 m. kr. Þrátt fyrir þetta varð innlausn eldri spariskírteina 172 m. kr. umfram innstreymi. Til að brúa bilið hjá Endurlánum ríkissjóðs var sölu nýrra spariskírteina ríkissjóðs að fjárhæð 109 m. kr. ráðstafað til þessa og að auki var gengið á sjóð Endurlánanna um 63 m. kr.

Verðbréfakaup lífeyrissjóðanna námu alls 968 m. kr. á árinu 1984, en áætlanir gerðu ráð fyrir 1 000 m. kr. Þrátt fyrir lítil frávik í heildarkaupum lífeyrissjóða eru kaup þeirra af einstökum sjóðum verulega frábrugðin því sem ráðgert var. Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af opinberum aðilum og fjárfestingarlánasjóðum reyndust 752 m. kr. og kaup þeirra af öðrum sjóðum 216 m. kr. Hins vegar gerði lánsfjáráætlun ráð fyrir að þessu fé yrði í mun ríkari mæli beint til kaupa á skuldabréfum af opinberu sjóðunum, eða 938 m. kr., og aðeins

62 m. kr. af öðrum sjóðum. Verðbréfakaup lífeyrissjóðanna af opinberum aðilum og fjárfestingarlánasjóðum urðu því aðeins um 78% af heildarkaupum þeirra í stað 94% sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir.

Verðbréfakaup annarra, sem koma fram í yfirlitinu, eru tvíþætt, þ. e. kaup bankakerfisins af Framkvæmdasjóði og kaup Atvinnuleysistryggingasjóðs af Byggingarsjóði ríkisins. Verðbréfakaup bankakerfisins af Framkvæmdasjóði miðast við innlánsaukningu ársins og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma. Með þessum hætti aflaði Framkvæmdasjóður 210 m. kr. á árinu 1984, og er það nokkru lægri fjárhæð en áætlað var. Verðbréfakaup Atvinnuleysistryggingasjóðs af Byggingarsjóði ríkisins voru áætluð um 115 m. kr. í lánsfjáráætlun 1984. Hins vegar kom fljótlega í ljós að öllu fé Atvinnuleysistryggingasjóðs var ráðstafað í atvinnuleysisbætur. Við endurskoðun ríkisfjármála í maí var ekki reiknað með neinum verðbréfakaupum sjóðsins af Byggingarsjóði ríkisins, og var honum heimilað að mæta þeirri fjárþörf með erlendri lántöku. Niðurstöðutölur ársins 1984 sýna hins vegar að Atvinnuleysistryggingasjóður keypti verðbréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir tæpar 16 m. kr., en það jafngilti greiðslum hinna síðarnefndu af eldri bréfum í eigu Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Áformað var að afla Byggingarsjóði ríkisins 45 m. kr. með skyldusparnaði ungmenna, en endurskoðuð áætlun í maí fól í sér útstreymi á þessum lið um 30 m. kr. Þessi viðbótarfjárþörf var einnig leyst með heimild Byggingarsjóðs ríkisins til erlendrar lántöku. Niðurstöðutölur gefa hins vegar til kynna að að útstreymið hafi reynst tæpar 82 m. kr. á árinu 1984.

Önnur innlend fjáröflun nam 158 m. kr. í lánsfjáráætlun 1984, en sú áætlun var lækkuð í 136 m. kr. við endurskoðun ríkisfjármálanna. Niðurstöðutala ársins nemur hins vegar 268 m. kr. og er sú fjárhæð samsett af sjóðsminnkun Endurlána ríkissjóðs um 63 m. kr., sem þegar hefur verið getið, og annarri fjáröflun ríkissjóðs sem nam tæpum 205 m. kr. Seinni liðurinn er í grófum dráttum tvíþættur, þ. e. um 47 m. kr. vegna ríkisvíxla og um 158 m. kr. lántökur í tengslum við ýmis eignakaup ríkissjóðs o. fl. Ríkissjóður tók upp á þeirri nýbreytni að bjóða til sölu þriggja mánaða ríkisvíxla. Alls voru þessir víxlar 270 m. kr. að nafnverði. Tekið var tilboðum að fjárhæð 208 m. kr. og svaraði meðalávöxtun þeirra til um 26,8% ársvaxta. Skuld ríkissjóðs vegna óinnleystra ríkisvíxla í árslok nam tæpum 47 m. kr.

#### 4.1.2 Erlend lánsfjáröflun

Komið hefur fram að í lánsfjárlögum 1984 var auk heimilda í sérlögum gert ráð fyrir alls 4 633 m. kr. erlendum lántökum. Erfið afkoma og dræmar heimtur á innlendum lánsfjármarkaði gerðu að verkum að leita þurfti aukinna heimilda til erlendrar lántöku, og var það gert með ráðstöfunum í ríkisfjármálum í maí 1984. Ríkissjóði var heimilað að afla viðbótarlána erlendis að fjárhæð alls 1 015 m. kr., þar af 713 m. kr. vegna aukins halla á ríkissjóði við endurskoðun ríkisfjármálanna og 302 m. kr. vegna fyrirsjáanlegs brests í innlendri fjáröflun. Byggingarsjóði ríkisins var heimiluð 190 m. kr. erlend lántaka vegna ofáætlunar á skyldusparnaði ungmenna og verðbréfakaupum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá voru sveitarfélögum heimilaðar 161 m. kr. erlendar lántökur, þar af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 150 m. kr. vegna uppgjörs á skuldum fyrri ára og Hitaveitu Rangæinga 11 m. kr. vegna framkvæmda. Að lokum fólu maíráðstafanirnar í sér viðbótarlántökuheimild erlendis fyrir Framkvæmdasjóð, alls 680 m. kr., vegna endurmats á fjárþörf atvinnuveganna. Fyrirhugað var að verja þessu fé þannig: Sjávarútvegur 300 m. kr., skuldbreyting í landbúnaði 80 m. kr., viðhaldsverkefni á skipaflotanum 150 m. kr. og nýsköpun í atvinnulífinu 150 m. kr. Samkvæmt framangreindu fólu lög nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum í sér viðbótarheimildir til lántöku erlendis að fjárhæð alls 2 046 m. kr., á sama tíma og talið var að á innlenda lánsfjáröflun skorti alls 492 m. kr.

Aðrar erlendar lántökuheimildir ársins námu alls 945 m. kr. Með lögum nr. 95/1984 vegna Járnblendifélagsins var ríkissjóði heimiluð yfirtaka á 145 m. kr. erlendu láni til verksmiðjunnar og var það hlutafjárframlag ríkissjóðs til fyrirtækisins. Auk þess námu aðrar erlendar lántökuheimildir Framkvæmdasjóðs alls um 800 m. kr. Annars vegar var Framkvæmdasjóði heimilað með bráðabirgðalögum nr. 102/1984 að taka 350 m. kr. erlent lán til skuldbreytinga í sjávarútvegi. Hins vegar átti Framkvæmdasjóður í ársbyrjun 1984 óráðstafað af lántökuheimild ársins 1983 um 450 m. kr. sem sjóðurinn hafði skuldbundið til lánveitinga og var ráðstafað á fyrri hluta ársins 1984.

Samtala erlendra lántökuheimilda á árinu 1984 nam því alls 7 624 m. kr.

**4.2 Lánsfjárráðstöfun**

Heildarlántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnuvega 1984 námu alls 8 555 m. kr., þar af nam innlend fjáröflun 1 301 m. kr. og erlendar lántökur 7 254 m. kr. Á sama tíma námu innlendar lántökur alls 2 003 m. kr. og erlendar 7 624 m. kr. Hér á eftir mun fjallað stuttlega um lánsfjárráðstöfunina á árinu 1984.

**Ríkissjóður, A-hluti.** Ekki er ástæða til að fjölyrða um lánsfjárráðstöfun A-hluta ríkissjóðs hér, þar sem henni hafa verið gerð skil hér að framan. Þess ber þó að geta sérstaklega að hagstæð rekstrarafkoma A-hlutans á árinu 1984 gerði kleift að draga verulega úr erlendum lántökum hans miðað við fyrri áætlanir og lántökuheimildir. Ónýttar lántökuheimildir A-hluta ríkissjóðs námu 594 m. kr.

**Ríkissjóður, B-hluti.** Heildarlántökur B-hluta fyrirtækja og stofnana námu 1 831 m. kr. á árinu 1984 en lántökuheimildir þessara aðila námu 1 515 m. kr. Mismunurinn skýrist að mestu leyti af nauðsynlegum lántökum Byggingarsjóðs ríkisins og Endurlána ríkissjóðs til að mæta enn frekari samdrætti í innlendri fjáröflun en endurskoðun ríkisfjármála í maí 1984 gerði ráð fyrir. Erlendar lántökur Byggingarsjóðs ríkisins umfram heimildir námu alls 287 m. kr. Viðbótarfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins skýrist að miklu leyti af því að skuldabréfakaup lífeyrissjóða reyndust um 170 m. kr. minni en ráðgert var og útstreymi á skyldusparnaði ungmenna reyndist 52 m. kr. umfram áætlun. Eins og þegar hefur komið fram var óhjákvæmilegt að afla Endurlánum ríkissjóðs 80 m. kr. erlends láns til að mæta innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs. Póstur og sími tók rúmar 42 m. kr. að láni og er það um 12 m. kr. umfram lántökuheimild, en frávikið skýrist af skuldbreytingu eldri lána. Í flestum öðrum tilvikum voru lántökur B-hlutans í samræmi við áætlanir. Þó eru örfá tilfelli þar sem ekki var þörf á að nýta lántökuheimildir. Hér er um að ræða ónýttar lántökuheimildir Bjargráðasjóðs að fjárhæð tæpar 32 m. kr., vegna fjármagnsútgjalda Kröfluvirkjunar um 30 m. kr. og til landkaupa kaupstaða og kauptúna 1 m. kr.

**Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs.** Lántökur þessara fyrirtækja reyndust tæpar 890 m. kr. á árinu 1984 og er það um 174 m. kr. lægri fjárhæð en nam lántökuheimildum þeirra. Stór hluti mismunarins skýrist af ónotaðri lántökuheimild Landsvirkjunar til framkvæmda að fjárhæð 900 m. kr. Lántaka Orkubús Vestfjarða er um 18 m. kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir og skýrist frávikið af skuldbreytingu eldri bráðabirgðalána. Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki hafði heimild til 80 m. kr. lántöku. Í árslok 1984 höfðu aðeins verið notaðar 12 m. kr. af heimildinni en afgangurinn verður nýttur á árinu 1985.

**Sveitarfélög.** Lántökur sveitarfélaga, sem eru einkum vegna hitaveitna, námu alls 339 m. kr. á árinu 1984. Lántökuheimildir þessara aðila námu hins vegar 297 m. kr. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar hafði heimild til 22,5 m. kr. erlendrar lántöku, en hún reyndist rúmar 42 m. kr. Leita þarf heimildar fyrir mismuninum. Hitaveita Selfoss tók að láni 23,5 m. kr. og voru þar nýttar gamlar lántökuheimildir. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafði heimild til 150 m. kr. erlendrar lántöku til greiðslu á skuldum, en ekki reyndist þörf á nema 138 m. kr. Lántökur Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Rangæinga reyndust lítils háttar hærri en heimildir segja fyrir um og skýrist mismunurinn af gengismun.

**Húsbyggingarsjóðir.** Lántökur húsbyggingarsjóðanna námu alls 1 188 m. kr. á árinu 1984. Stærstur hluti þeirra, eða 1 048 m. kr., rann til Byggingarsjóðs ríkisins og skiptist það þannig að 571 m. kr. voru innlent fé og 477 m. kr. erlent. Þar af ráðstafaði Byggingarsjóður ríkisins 82 m. kr. til greiðslna af skyldusparnaði ungmenna. Erlent lánsfé var um 287 m. kr. umfram heimildir og skýrist sá mismunur af erfiðleikum á innlendum lánsfjármarkaði og mun meiri lánveitingum en lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir. Fyrirhugað var að afla Byggingarsjóði ríkisins 165 m. kr. af innlendu fé með verðbréfakaupum lífeyrissjóða, hins vegar tókst aðeins að afla um 140 m. kr. með þessum hætti.

**Lánastofnanir.** Lántökur lánastofnana námu alls 1 812 m. kr. á árinu 1984, þar af var 440 m. kr. aflað innanlands og 1 412 m. kr. erlendis. Þessar lántökur skiptust þannig að Framkvæmdasjóður tók 1 715 m. kr., Iðnþróunarsjóður 60 m. kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins um 37 m. kr.

**Atvinnufyrirtæki.** Lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 gerði ráð fyrir að lántökur atvinnufyrirtækja, með heimild langlánanefndar, yrðu 1 000 m. kr. Ekki liggur fyrir endanleg niðurstaða varðandi þessar lántökur á árinu 1984, en samkvæmt bráðabirgðatölum Seðlabanka frá í desember eru þær áætlaðar nema um 1 318 m. kr.

# Töfluviðauki

Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluti 1983 og 1984, greiðslugrunnur.
Tafla 2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1981–1984 sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
Tafla 3. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluti, 1983 og 1984, greiðslugrunnur.
Tafla 4. Ríkisútgjöld 1980—1984, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
Tafla 5. Afkoma ríkissjóðs 1975—1984, A-hluti, greiðslugrunnur.
Tafla 6. Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1970—1984.
Tafla 7. Skuldir ríkissjóðs 1977—1984 samkvæmt ríkisreikningi.
Tafla 8. Stöðutölur tekinna og veittra lána A-hluta ríkissjóðs 1981—1983.
Tafla 9. Úr efnahagsreikningi A-hluta ríkissjóðs 1980—1983. Stöðutölur á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi í árslok 1984.
Tafla 10. Lántökuheimildir og lántökur opinberra aðila 1984, bráðabirgðatölur.
Tafla 11. Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1984, bráðabirgðatölur.

**Tafla 1**

**Tekjur ríkissjóðs, A-hluti 1983 og 1984, greiðslugrunnur**
Í milljónum króna

| | | Innheimt 1983 | Innheimt 1984 | Hækkun % | Fjárlög 1984 |
|---|---|---|---|---|---|
| **1** | **Beinir skattar** | **2 412** | **2 911** | **21** | **2 916** |
| 11 | Tekju- og eignarskattar | 2 275 | 2 712 | 19 | 2 710 |
| 12 | Sjúkratryggingagjald | 74 | 114 | 54 | 120 |
| 13 | Erfðafjárskattur | 37 | 46 | 24 | 40 |
| 14 | Framkvæmdasjóður aldraðra | 26 | 39 | 50 | 46 |
| **2** | **Óbeinir skattar** | **12 196** | **16 896** | **39** | **14 525** |
| 211 | Aðflutningsgjöld | 1 999 | 2 793 | 40 | 2 142 |
| 212 | Innflutningsgjald af bifreiðum | 81 | 111 | 37 | 64 |
| 213 | Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald | 475 | 677 | 43 | 663 |
| 214 | Bifreiðaskattur | 199 | 315 | 58 | 310 |
| 215 | Sölu- og orkujöfnunargjald | 5 601 | 7 696 | 37 | 6 800 |
| 216 | Launaskattur | 677 | 913 | 35 | 860 |
| 217 | Tryggingagjöld | 326 | 615 | 89 | 531 |
| 218 | Hagnaður ÁTVR | 724 | 1 136 | 57 | 900 |
| 219 | Stimpilgjöld o. fl. | 337 | 519 | 54 | 354 |
| 220 | Vörugjald | 1 145 | 1 338 | 17 | 1 227 |
| 221 | Verðjöfnunargjald á raforku | 261 | 383 | 47 | 360 |
| 222 | Aðrir óbeinir skattar | 371 | 400 | 8 | 314 |
| **3** | **Arðgreiðslur, vextir o. fl.** | **492** | **940** | **91** | **454** |
| **4** | **Tekjur samtals** | **15 100** | **20 747** | **37** | **17 895** |

## Tafla 2

**Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1981–1984 sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu**
Í milljónum króna

| | | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Verg þjóðarframleiðsla (m. kr.)** | **20 519** | **31 197** | **53 004** | **67 300** |
| 1 | **Beinir skattar** | **4,5** | **4,8** | **4,6** | **4,3** |
| 11 | Tekju- og eignarskattar | 4,2 | 4,5 | 4,3 | 4,0 |
| 12 | Sjúkratryggingagjald | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| 13 | Erfðafjárskattur | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 14 | Framkvæmdasjóður aldraðra | | | | |
| 2 | **Óbeinir skattar** | **24,3** | **25,3** | **23,0** | **25,1** |
| 211 | Aðflutningsgjöld | 4,3 | 4,4 | 3,7 | 4,2 |
| 212 | Innflutningsgjald af bifreiðum | 0,6 | 0,3 | 0,2 | 0,2 |
| 213 | Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald | 0,8 | 0,9 | 0,9 | 1,0 |
| 214 | Bifreiðaskattur | 0,3 | 0,3 | 0,4 | 0,4 |
| 215 | Sölu- og orkujöfnunargjald | 10,3 | 10,8 | 10,5 | 11,4 |
| 216 | Launaskattur | 1,4 | 1,6 | 1,3 | 1,3 |
| 217 | Tryggingagjöld | 0,7 | 0,7 | 0,6 | 0,9 |
| 218 | Hagnaður ÁTVR | 2,0 | 1,9 | 1,4 | 1,7 |
| 219 | Stimpilgjöld o. fl. | 0,6 | 0,7 | 0,6 | 0,8 |
| 220 | Vörugjald | 2,2 | 2,5 | 2,2 | 2,0 |
| 221 | Verðjöfnunargjald á raforku | 0,3 | 0,4 | 0,5 | 0,6 |
| 222 | Aðrir óbeinir skattar | 0,8 | 0,8 | 0,7 | 0,6 |
| 3 | **Arðgreiðslur, vextir o. fl.** | **0,4** | **0,6** | **0,9** | **1,4** |
| 4 | **Tekjur sem hlutfalli af VÞF** | **29,2** | **30,7** | **28,5** | **30,8** |

## Tafla 3

**Útgjöld ríkissjóðs, A-hluti 1983 og 1984, greiðslugrunnur**
Í milljónum króna

| | | Útgjöld 1983 | Útgjöld 1984 | Hækkun % | Fjárlög 1984 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Almenn mál** | **1 698** | **1 912** | **13** | **1 555** |
| 11 | Almenn þjónusta og löggæsla | 1 495 | 1 681 | 12 | 1 365 |
| 12 | Utanríkisþjónusta | 203 | 231 | 14 | 190 |
| 2 | **Félagsmál** | **9 483** | **11 568** | **22** | **10 467** |
| 21 | Mennta-, menningar- og kirkjumál | 2 653 | 3 142 | 18 | 2 915 |
| 22 | Heilbrigðismál | 1 783 | 2 063 | 16 | 1 921 |
| 23 | Velferðarmál | 5 047 | 6 363 | 26 | 5 631 |
| 3 | **Atvinnumál** | **4 163** | **5 257** | **26** | **4 899** |
| 31 | Niðurgreiðslur | 1 035 | 813 | −21 | 945 |
| 32 | Landbúnaður | 625 | 943 | 51 | 688 |
| 33 | Sjávarútvegur | 257 | 387 | 51 | 230 |
| 34 | Iðnaðar- og orkumál | 736 | 1 062 | 44 | 1 060 |
| 35 | Samgöngur | 1 510 | 2 052 | 36 | 1 976 |
| 4 | **Ýmis mál** | **919** | **1 227** | **34** | **1 363** |
| 5 | **Gjöld samtals** | **16 263** | **19 964** | **23** | **18 284** |

## Tafla 4

**Ríkisútgjöld 1980—1984, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu**

| | | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Verg þjóðarframleiðsla (m.kr.)** | **13 430** | **20 519** | **31 197** | **53 004** | **67 300** |
| **1** | **Almenn mál** | **2,9** | **2,8** | **3,1** | **3,2** | **2,8** |
| 11 | Almenn þjónusta og löggæsla | 2,6 | 2,5 | 2,8 | 2,8 | 2,5 |
| 12 | Utanríkisþjónusta | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,4 | 0,3 |
| **2** | **Félagsmál** | **15,5** | **16,7** | **17,1** | **17,9** | **17,3** |
| 21 | Mennta-, menningar- og kirkjumál | 4,5 | 4,6 | 4,9 | 5,0 | 4,7 |
| 22 | Heilbrigðismál | 2,2 | 2,5 | 2,6 | 3,4 | 3,1 |
| 23 | Velferðarmál | 8,8 | 9,6 | 9,6 | 9,5 | 9,5 |
| **3** | **Atvinnumál** | **7,8** | **7,8** | **8,2** | **7,9** | **7,8** |
| 31 | Niðurgreiðslur | 2,0 | 1,8 | 2,6 | 1,9 | 1,2 |
| 32 | Landbúnaður | 1,3 | 1,4 | 1,2 | 1,2 | 1,4 |
| 33 | Sjávarútvegur | 0,5 | 0,5 | 0,4 | 0,5 | 0,6 |
| 34 | Iðnaður og orkuvinnsla | 1,2 | 1,3 | 1,0 | 1,4 | 1,6 |
| 35 | Samgöngur | 2,8 | 2,8 | 3,0 | 2,9 | 3,0 |
| **4** | **Ýmis mál** | **1,3** | **1,5** | **1,5** | **1,7** | **1,8** |
| **5** | **Gjöld sem hlutfall af VÞF** | **27,5** | **28,8** | **29,9** | **30,7** | **29,7** |

**Tafla 5**

## Afkoma ríkissjóðs 1975—1984, A-hluti, greiðslugrunnur
Í milljónum króna

| | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984[1]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **I Greiðsluafkoma:** | | | | | | | | | | |
| Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlabanka | | | | | | | | | | |
| Tekjur | 493 | 683 | 956 | 1543 | 2378 | 3681 | 5997 | 9562 | 15100 | 20747 |
| Gjöld | -576 | -698 | -1011 | -1611 | -2467 | -3766 | -5911 | -9324 | -16263 | -19964 |
| Samtals | -83 | -15 | -55 | -68 | -89 | -85 | +86 | +238 | -1163 | +783 |
| Lánahreyfingar utan Seðlabanka | +17 | +14 | +34 | +29 | +30 | +75 | +86 | -91 | -97 | -142 |
| Samtals | -66 | -1 | -21 | -39 | -59 | -10 | +172 | +147 | -1260 | +641 |
| Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka | | | | | | | | | | |
| Greiðsluhreyfing við Seðlabanka | -55 | -9 | -21 | -45 | +22 | +45 | +158 | +126 | -1260 | +446 |
| Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka | 0 | +4 | +4 | +8 | +1 | +17 | -.1 | 0 | -3 | +19 |
| Greiðsluhreyfing við bankakerfið | -55 | -5 | -17 | -37 | +23 | +62 | +157 | +126 | -1263 | +465 |
| Ýmsir viðskiptamenn | -11 | +4 | -4 | -2 | -82 | -72 | +15 | +21 | +3 | +176 |
| Samtals | -66 | -1 | -21 | -39 | -59 | -10 | +172 | +147 | -1260 | +641 |
| **II Rekstrarafkoma:** | | | | | | | | | | |
| Rekstrarjöfnuður tekna og gjalda | -75 | +8 | -25 | -16 | -11 | +139 | +175 | +850 | -1434 | ... |

1) Skv. bráðabirgðauppgjöri.

**Tafla 6**

**Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1970—1984**
Útgjöld skv. A-hluta ríkisreiknings, rekstrargrunnur

| | Heildarútgjöld % | Þar af framlög til almannatrygginga og niðurgreiðslna % | Útgjöld að frátöldum framlögum til almannatrygginga og niðurgreiðslna % |
|---|---|---|---|
| 1970 | 21,8 | 7,2 | 14,6 |
| 1971 | 24,6 | 9,3 | 15,3 |
| 1972 | 26,9 | 10,8 | 16,1 |
| 1973 | 26,0 | 10,6 | 15,4 |
| 1974 | 29,1 | 10,8 | 18,3 |
| 1975 | 30,4 | 11,4 | 19,0 |
| 1976 | 26,5 | 9,4 | 17,1 |
| 1977 | 27,0 | 7,6 | 19,4 |
| 1978 | 28,6 | 9,5 | 19,1 |
| 1979 | 29,5 | 10,5 | 19,0 |
| 1980 | 28,2 | 9,8 | 18,4 |
| 1981 | 29,9 | 10,6 | 19,3 |
| 1982 | 30,4 | 11,3 | 19,1 |
| 1983 | 33,4 | 10,3 | 23,1 |
| 1984[1]) | 29,7 | 9,2 | 20,5 |

1) Skv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds á greiðslugrunni og miðað við 67 300 m. kr. áætlaða verga þjóðarframleiðslu 1984. Athygli er vakin á að VÞF dróst saman um 1,8% 1982, 3,7% 1983 og 0,4% 1984, sem skýrir að hluta háar hlutfallstölur þessi ár.

**Tafla 7**

## Skuldir ríkissjóðs 1977—1984 samkvæmt ríkisreikningi
Í milljónum króna

| Ár | Við Seðlabanka Yfirdr. A | Stutt lán B | Löng lán C | Bankainnist. D | Staða A+B+C−D | Við aðra innlenda og erlenda aðila Yfirdr. A | Stutt lán B | Löng lán C | Staða A+B+C | Heildarskuld |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðutölur í árslok** | | | | | | | | | | |
| 1977 | 26,3 | — | 128,4 | 3,0 | 151,7 | 0,3 | 12,3 | 193,0 | 205,6 | 357,3 |
| 1978 | 109,2 | — | 169,7 | 6,3 | 272,6 | 2,7 | 37,6 | 322,1 | 362,4 | 635,0 |
| 1979 | 9,1 | 85,0 | 261,6 | 59,8 | 295,9 | 2,9 | 43,6 | 501,2 | 547,7 | 843,6 |
| 1980 | 32,7 | 40,0 | 305,5 | 47,7 | 330,5 | 5,8 | 72,3 | 845,4 | 923,5 | 1 254,0 |
| 1981 | 26,7 | 40,0 | 288,7 | 105,3 | 250,1 | 9,4 | 109,7 | 1 396,7 | 1 515,8 | 1 765,9 |
| 1982 | 74,4 | 49,0 | 198,5 | 117,3 | 204,6 | 20,3 | 168,4 | 3 264,6 | 3 453,3 | 3 657,9 |
| 1983 | 746,5 | 67,3 | 771,5 | 44,9 | 1 540,4 | 29,1 | 287,2 | 7 665,8 | 7 982,1 | 9 522,5 |
| 1984[1] | — | 67,3 | 1 751,5 | 442,4[2] | 1 376,4 | ... | ... | ... | ... | ... |
| **Hreyfing milli ára** | | | | | | | | | | |
| 1977/1978 | +82,9 | — | +41,3 | +3,3 | +120,9 | +2,4 | +25,3 | +129,1 | +156,8 | +277,7 |
| 1978/1979 | −100,1 | +85,0 | +91,9 | +53,5 | +23,3 | +0,2 | +6,0 | +179,1 | +185,3 | +208,6 |
| 1979/1980 | +23,6 | −45,0 | +43,9 | −12,1 | +34,6 | +2,9 | +28,7 | +344,2 | +375,8 | +410,4 |
| 1980/1981 | +6,0 | — | −16,8 | +57,6 | −80,4 | +3,6 | +37,4 | +551,3 | +592,3 | +511,9 |
| 1981/1982 | +47,7 | +9,0 | −90,2 | +12,0 | −45,5 | +10,9 | +58,7 | +1867,9 | +1937,5 | +1892,2 |
| 1982/1983 | +672,1 | +18,3 | +573,0 | −72,4 | +1335,8 | +8,8 | +118,8 | +4401,2 | +4528,8 | +5864,6 |
| 1983/1984 | — | — | +980,0 | +1144,0 | −164,0[3] | ... | ... | ... | ... | ... |

1) Samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds.
2) Hér er um nettóstöðu bankareikninga í Seðlabanka að ræða, þ. e. bankainnistæður að frádregnum yfirdrætti.
3) Innfalið er endurmat af skuld ríkissjóðs 282 m. kr. Greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka reyndust því jákvæðar um 446 m. kr. á árinu 1984.

## Tafla 8

### Stöðutölur tekinna og veittra lána A-hluta ríkissjóðs 1981—1983
Í milljónum króna

| | 1981 | 1982 | 1983 |
|---|---|---|---|
| **Tekin lán:** | | | |
| **Stutt lán** | **149,7** | **217,4** | **354,5** |
| Tengd innlendu verðlagi | 149,5 | 217,4 | 354,5 |
| Gengisbundin | 0,2 | — | — |
| **Löng lán** | **1 685,4** | **3 463,1** | **8 437,3** |
| Tengd innlendu verðlagi | 1 315,3 | 2 656,3 | 3 903,9 |
| Gengisbundin | 370,1 | 806,8 | 4 533,4 |
| Samtals | 1 835,1 | 3 680,5 | 8 791,8 |
| **Veitt lán:** | | | |
| **Stutt lán** | **6,9** | **185,7** | **18,8** |
| Tengd innlendu verðlagi | 6,9 | 185,7 | 18,8 |
| **Löng lán** | **54,0** | **622,9** | **1 986,2** |
| Tengd innlendu verðlagi | 21,8 | 484,3 | 990,6 |
| Gengisbundin | 32,2 | 138,6 | 995,6 |
| Samtals | 60,9 | 808,6 | 2 005,0 |

## Tafla 9

### Úr efnahagsreikningi A-hluta ríkissjóðs 1980—1983
### Stöðutölur á verðlagi hvers árs og föstu verðlagi í árslok 1984
Í milljónum króna

| | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 |
|---|---|---|---|---|
| **Á verðlagi hvers árs** | | | | |
| I Sjóður- og bankareikningar, nettóinneign | 55,1 | 142,1 | 148,4 | −523,8 |
| II Tekin lán | 1 263,2 | 1 835,1 | 3 680,5 | 8 791,8 |
| Seðlabanki Íslands | 345,5 | 328,7 | 247,5 | 838,8 |
| Aðrir innlendir og erlendir aðilar | 917,7 | 1 506,4 | 3 433,0 | 7 953,0 |
| III Veitt lán | 15,7 | 60,9 | 808,6 | 2 005,0 |
| IV Viðskiptareikningar, nettóinneign | 290,8 | 400,5 | 1 223,1 | 2 104,5 |
| Skuldir umfram eignir (II-I-III-IV) | 901,6 | 1 231,6 | 1 500,4 | 5 206,1 |
| **Á föstu verðlagi í árslok 1984, lánskjaravísitala 959 stig** | | | | |
| I Sjóður og bankareikningar, nettóinneign | 268,2 | 466,7 | 302,2 | −600,9 |
| II Tekin lán | 6 148,4 | 6 026,9 | 7 493,8 | 10 085,3 |
| Seðlabanki Íslands | 1 681,9 | 1 079,5 | 503,9 | 962,2 |
| Aðrir innlendir og erlendir aðilar | 4 467,4 | 4 947,4 | 6 989,9 | 9 123,1 |
| III Veitt lán | 76,4 | 200,0 | 1 645,2 | 2 300,0 |
| IV Viðskiptareikningar, nettóinneign | 1 415,6 | 1 315,3 | 2 490,3 | 2 414,1 |
| Skuldir umfram eignir (II-I-III-IV) | 4 388,2 | 4 044,9 | 3 056,1 | 5 972,1 |

Tafla 10

## Lántökuheimildir og lántökur opinberra aðila 1984
**Bráðabirgðatölur**
Í þúsundum króna

| | | Lánsfjárlög 1984 | Aðrar lántökuheimildir 1984 | Heimildir 1984 | Afgreitt 1984 | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | **Ríkissjóður, A- og B-hluti** | **2 967 821** | **1 078 000** | **4 045 821** | **3 768 138** | **277 683** |
| 1.1 | **A-hluti** | **1 550 400** | **980 000[1])** | **2 530 400** | **1 936 800** | **593 600** |
| 1.2 | **B-hluti** | **1 417 421** | **98 000** | **1 515 421** | **1 831 338** | **−315 917** |
| | Byggðasjóður | 120 000 | 0 | 120 000 | 120 000 | 0 |
| | Bjargráðasjóður | 60 000 | 0 | 60 000 | 28 500 | 31 500[3]) |
| | Byggingarsjóður ríkisins | 322 000 | −122 000[2]) | 200 000 | 200 000 | 0 |
| | Byggingarsjóður ríkisins | 0 | 190 000[2]) | 190 000 | 477 107 | −287 107[4]) |
| | Landakaup kaupst. og kaupt. | 1 000 | 0 | 1 000 | 0 | 1 000[3]) |
| | Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna | 14 000 | 0 | 14 000 | 14 000 | 0 |
| | Lánasjóður ísl. námsmanna | 258 437 | 0 | 258 437 | 258 437 | 0 |
| | RARIK, almennar framkvæmdir | 168 000 | 0 | 168 000 | 168 000 | 0 |
| | Kröfluvirkjun, fjárm.útgjöld | 358 214 | 0 | 358 214 | 327 973 | 30 241[3]) |
| | Orkusjóður, hitaveitulán | 10 000 | 0 | 10 000 | 10 000 | 0 |
| | Orkusjóður, jarðhitaleit | 10 000 | 0 | 10 000 | 10 000 | 0 |
| | Orkusjóður, sveitarafvæðing | 7 000 | 0 | 7 000 | 7 000 | 0 |
| | Póstur og sími, sjálfv. sími | 0 | 30 000[5]) | 30 000 | 42 162 | −12 162[12]) |
| | Endurlán ríkissjóðs v/innlausnar spariskírteina | 0 | 0 | 0 | 79 389 | −79 389 |
| | Flugstöð í Keflavík | 88 770 | 0 | 88 770 | 88 770 | 0 |
| 2. | **Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs** | **984 000** | **80 000** | **1 064 000** | **889 427** | **174 573** |
| | Landsvirkjun, Þórisvatn og Kvíslaveita | 350 000 | 0 | 350 000 | 354 600 | −4 600[6]) |
| | Landsvirkjun, Blönduvirkjun | 200 000 | 0 | 200 000 | 186 200 | 13 800[6]) |
| | Landsvirkjun, Suðurlína | 180 000 | 0 | 180 000 | 199 300 | −19 300[6]) |
| | Landsvirkjun, annað | 170 000 | 0 | 170 000 | 32 400 | 137 600[6]) |
| | Orkubú Vestfjarða, framkv. | 30 000 | 0 | 30 000 | 48 527 | -18 527[7]) |
| | Steinullarverksmiðja | 0 | 80 000[8]) | 80 000 | 12 400 | 67 600[9]) |
| | Sjóefnavinnsla á Reykjanesi | 45 000 | 0 | 45 000 | 45 000 | 0 |
| | Grænfóðurverksm. í Skagafirði | 9 000 | 0 | 9 000 | 9 000 | 0 |
| | Skallagrímur h.f. | 0 | 0 | 0 | 2 000 | −2 000 |
| 3. | **Sveitarfélög** | **136 300** | **161 000** | **297 300** | **339 048** | **−41 748** |
| | Hitaveita Kjalarness | 25 000 | 0 | 25 000 | 25 000 | 0 |
| | Hitaveita Akraness og Borgarfj. | 22 500 | 0 | 22 500 | 43 210 | −20 710 |
| | Hitaveita Akureyrar | 88 800 | 0 | 88 800 | 97 720 | −8 920[10]) |
| | Hitaveita Rangæinga | 0 | 11 000[2]) | 11 000 | 11 206 | −206[10]) |
| | Hitaveita Selfoss | 0 | 0 | 0 | 23 540 | −23 540[11]) |
| | Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 0 | 150 000[2]) | 150 000 | 138 372 | 11 628[3]) |

**Tafla 10. frh.**

| | Lánsfjár-lög 1984 | Aðrar lántökuheim-ildir 1984 | Heimildir 1984 | Afgreitt 1984 | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|
| 4. **Ráðstöfun = Fjáröflun** .......... | **4 088 121** | **1 319 000** | **5 407 121** | **4 996 613** | **410 508** |
| 5. **Innlend fjáröflun** ............... | **1 266 700** | **−302 000** | **964 700** | **531 500** | **433 200** |
| Útgáfa spariskírteina ......... | 200 000 | 0 | 200 000 | 108 680 | 913 320 |
| Innheimt umfram innlausn ..... | 466 700 | −280 000²) | 186 700 | −172 361 | 359 061 |
| Sérstök fjáröflun til húsnæðism. . | 322 000 | 0 | 322 000 | 200 000 | 122 000 |
| Verðbréfakaup lífeyrissjóða ... | 120 000 | 0 | 120 000 | 127 000 | −7 000 |
| Endurlán ríkissjóðs, sjóðs-minnkun .................... | 0 | 0 | 0 | 63 681 | −63 681 |
| Önnur fjáröflun .............. | 158 000 | −22 000²) | 136 000 | 204 500 | −68 500 |
| 6. **Erlend lán** ...................... | **2 821 421** | **1 621 000** | **4 442 421** | **4 465 113** | **−22 692** |
| Ríkissjóður A- og B-hluti ...... | 1 701 121 | 1 380 000 | 3 081 121 | 3 236 638 | −155 517 |
| Fyrirtæki með eignaraðild ríkis-sjóðs ...................... | 984 000 | 80 000 | 1 064 000 | 889 427 | 174 573 |
| Sveitarfélög ................. | 136 300 | 161 000 | 297 300 | 339 048 | −41 748 |

1) Sbr. lög nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum námu viðbótarheimildir A-hluta ríkissjóðs alls 835 m. kr., þar af 122 m. kr. vegna fjáröflunar til húsnæðiskerfisins. Þar til viðbótar koma heimildir vegna yfirtöku á erlendu láni að fjárhæð 145 m. kr. vegna járnblendifélagsins, sbr. 1. gr. laga nr. 95/1984 um breyting á lögum nr. 18/1977, sbr. lög nr. 45/1982 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.
2) Sbr. lög nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum.
3) Lántökuheimild ársins ekki fullnýtt og fellur niður.
4) Óhjákvæmilegt reyndist að afla Byggingarsjóði ríkisins rúmlega 287 m. kr. erlendra lána umfram heimildir ársins. Leitað mun viðbótarheimilda í lánsfjárlögum 1985.
5) Lántökuheimild er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma.
6) Lántökuheimild Landsvirkjunar nam alls 900 m. kr. til ýmissa framkvæmda á árinu 1984. Fyrirtækið flutti lántökur lítils háttar til á milli verkefna, en í heild námu þær 772,5 m. kr. Ónýtt lántökuheimild 1984 nam því alls 127,5 m. kr. og fellur hún niður.
7) Orkubú Vestfjarða vegna skuldbreytinga eldri bráðabirgðalána að fjárhæð um 18,5 m. kr.
8) Lántökuheimild er í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju.
9) Lántökuheimild ársins ekki fullnýtt og mun nýtt síðar.
10) Mismunur skýrist af gengismun.
11) Lántökuheimildir hitaveitunnar í lánsfjárlögum 1981 og 1982, alls um 26 m. kr., voru ónýttar. Þessar heimildir voru nýttar á árinu 1984 til skuldbreytinga.
12) Mismunur skýrist af skuldbreytingu eldri lána.

**Tafla 11**

## Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1984
### Bráðabirgðatölur
Í þúsundum króna

| | Lánsfjár-Lög 1984 | Aðrar lán-tökuheim-ildir | Heimildir Alls | Afgreitt 1984 | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|
| **INNLEND FJÁRÖFLUN** | **2 495 000** | **−492 000** | **2 003 000** | **1 300 800** | **702 200** |
| 1. **Spariskírteini** | **989 000** | **−280 000** | **709 000** | **136 319** | **572 681** |
| Ný útgáfa, ríkissjóður | 200 000 | 0 | 200 000 | 108 680 | 91 320 |
| Ný útgáfa vegna húsnæðismála | 322 000 | 0 | 322 000 | 200 000 | 122 000 |
| Innheimt umfram innlausn | 467 000 | −280 000[1] | 187 000 | −172 361 | 359 361 |
| 2. **Verðbréfakaup** | **1 303 000** | **−115 000** | **1 188 000** | **977 900** | **210 100** |
| A) Lífeyrissjóða | 938 000 | 0 | 938 000 | 752 300 | 185 700 |
| af ríkissjóði | 120 000 | 0 | 120 000 | 127 000 | −7 000 |
| — Byggingarsjóði ríkisins | 525 000 | 0 | 525 000 | 355 500 | 169 500 |
| — Byggingarsjóði verkamanna | 165 000 | 0 | 165 000 | 139 700 | 25 300 |
| — Framkvæmdasjóði | 110 000 | 0 | 110 000 | 92 600 | 17 400 |
| — Stofnlánadeild landbún. | 18 000 | 0 | 18 000 | 37 500 | −19 500 |
| B) Atvinnuleysistryggingasjóðs af Byggingarsjóði ríkisins | 115 000 | −115 000[1] | 0 | 15 600 | −15 600 |
| C) Bankakerfisins af Framkvæmdasjóði | 250 000 | 0 | 250 000 | 210 000 | 40 000 |
| 3. **Skyldusparnaður ungmenna til Byggingarsjóðs ríkisins, nettó** | **45 000** | **−75 000[1]** | **−30 000** | **−81 600** | **51 600** |
| 4. **Önnur innlend fjáröflun** | **158 000** | **−22 000** | **136 000** | **268 181** | **−132 181** |
| Ríkissjóður | 158 000 | −22 000[1] | 136 000 | 204 500 | −68 500 |
| Endurlán ríkissjóðs, sjóðsminnkun | 0 | 0 | 0 | 63 681 | −63 681 |
| **ERLEND LÁN** | **4 523 421** | **3 101 000** | **7 624 421** | **7 254 813** | **369 608** |
| 1. **Ríkissjóður, A- og B-hluti** | **1 701 121** | **1 190 000** | **2 891 121** | **2 759 531** | **131 590** |
| 2. **Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs** | **984 000** | **80 000** | **1 064 000** | **889 427** | **174 573** |
| 3. **Sveitarfélög** | **136 300** | **161 000** | **297 300** | **339 048** | **−41 748** |
| 4. **Byggingarsjóður ríkisins** | **0** | **190 000[1]** | **190 000** | **477 107** | **−287 107** |
| 5. **Lánastofnanir** | **702 000** | **1 480 000** | **2 182 000** | **1 471 700** | **710 300** |
| Framkvæmdasjóður | 652 000 | 1 480 000[2] | 2 132 000 | 1 412 000 | 720 000[3] |
| Iðnþróunarsjóður | 50 000 | 0 | 50 000 | 59 700 | −9 700[4] |
| 6. **Atvinnufyrirtæki** | **1 000 000** | **0** | **1 000 000** | **1 318 000[5]** | **−318 000** |
| **Heildarfjáröflun** | **7 018 421** | **2 609 000** | **9 627 421** | **8 555 613** | **1 071 808** |

1) Sbr. lög nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum.
2) Aðrar lántökuheimildir Framkvæmdasjóðs 1984 námu alls 1 480 m. kr. og skiptast þannig: Lög nr. 43/1984 680 m. kr., bráðabirgðalög nr. 102/1984 350 m. kr. og óráðstafað af heimild 1983 15,5 millj. USD eða um 450 m. kr.
3) Óráðstafað í árslok af lántökuheimild ársins 1984 nemur 8 millj. USD og 5,6 milljörðum yena. Þessu fjármagni mun ráðstafað til lánveitinga á árinu 1985 í samræmi við skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar gert.
4) Mismunur orsakast af gengismun.
5) Bráðabirgðatala Seðlabanka.